

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Deildarstjóri á Heilbrigðissviði

ICEPHARMA LEITAR AÐ METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ LEIÐA SÖLUHÓP Á HEILBRIGÐISSVIÐI

Ef þú ert leiðtogi með reynslu af rekstri og markaðsstarfi á heilbrigðismarkaði, þá gætum við verið að leita að þér til að taka við spennandi starfi sem deildarstjóri hjá Icepharma.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg stjórnun, starfsmannamál, stefnumótun og rekstur söluhóps sem samanstendur af 5 starfsmönnum
- Gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana
- Myndun og viðhald viðskiptatengsla við heilbrigðisstofnanir og -starfsfólk
- Samskipti við erlenda birgja
- Viðskiptaþróun
- Verkefnastjórn og þátttaka í útboðum
- Skipulagning og þátttaka í fundum og ráðstefnum, héraendis og erlendis

Hæfnikröfur:

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda, t.d. hjúkrunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum er mikill kostur
- Rekstrarlæsi, góð greiningarhæfni og hæfni til að setja fram niðurstöður og tillögur með faglegum hætti
- Haldgóð reynsla af markaðs- og sölustarfi með heilbrigðisvörur eða lyf
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum samskiptum
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs, hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. maí. Nánari upplýsingar veitir Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, stefania@hagvangur.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er hluti af samstæðunni Ósar hf. þar sem samtals starfa tæplega 200 manns. Icepharma er í fararbroddi á íslenskum lyfja-, heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugri framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 85 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.



Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs, hagvangur.is.

Ósar

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Forstöðumaður upplýsingatækni



Brim leitar að framsæknum og reynslumiklum upplýsingatæknistjórnanda til að leiða umbreytingar á tækni-umhverfi. Þessi staða felur í sér stýringu á lykilmáttum í upplýsingatækni og samvinnu við helstu birgja til að tryggja árangursríkan rekstur.

Starfsumhverfið er ögrandi og býður upp á einstök tækifæri til að hafa áhrif á rekstrar- og viðskiptaþróun fyrirtækisins. Náð samstarf við fjármálastjóra og stjórnendateymið er lykilatíði í starfinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á heildarstýringu ytri birgja og samningum varðandi upplýsingatækni, m.a. hýsingu og rekstur upplýsingatækniþjónustu.
- Forysta í verkefnum sem tengjast þróun og innleiðingu sjálfvirknivæðingu og skýjatækni.
- Stýring verkefna sem varða innleiðingu og uppfærslu á fjárhagskerfum
- Að stuðla að samfelli og samþættingu á milli tæknilegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra þátta, með það að markmiði að hámarka afköst og árangur fyrirtækisins.
- Upplýsingaöryggi, gæði og rekstraröryggi upplýsingakerfa.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptafærni og geta sýnt fram á hæfni í að leiða breytingar og framþróun á sviði upplýsingatækni.
- Geta sýnt fram á leiðtogaþæfni í tæknistjórnun og verkefnastýringu.
- Víðtæk þekking og reynsla af fjárhagskerfum, einkum Navision/Business Central er æskileg sem og þekking á Microsoft 365 og skýjalausnum.
- Geta til að skilja og greina flókin viðfangsefni, og umbreyta tæknilegum lausnum í viðskiptalegan árangur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með fimmtudagsins 23. maí. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, ingajona@brim.is eða Kristjana B. Magnúsdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála, kristjana@brim.is

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum umsóknavef Brims: <https://brim.umsokn.is/>

PRENTSMÍÐUR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða prentsmið í umbrot og tölvuvinnslu. Þekking á helstu forritum í prentiðnaði nauðsynlegur. Upplýsingar gefur Erlingur í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is



Sími 563 6000 · Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík · www.litrof.is



Verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit

Við leitum að öflugum tæknifólki til þess að ganga til liðs við okkur. Verkefni fyrirtækisins eru fjölbreytt ráðgjafastörf á sviði byggingaframkvæmda.

Starfið felur í sér verkumsjón og eftirlit með fjölbreyttum framkvæmdaverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur, -verkfræðingur
- Reynsla af byggingaframkvæmdum er kostur
- Gott vald á íslensku
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi

Frekari upplýsingar um starfið gefur Aþena Eydís Kolbeinsdóttir, netfang: athena@dynja.is

Unnið verður í umsóknum jafnóðum og þær berast.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SVÆÐISSKIPULAGSSTJÓRI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Við hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) erum að leita að öflugum einstakling í starf svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

Um er að ræða spennandi starf í skapandi og faglegu starfsumhverfi fyrir einstakling með góða menntun og reynslu og brennandi áhuga á skipulagsmálum. Þá gefst tækifæri á að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem varða umhverfis- og skipulagsmál sveitarfélaganna líkt og hjólreiðar, loftslagsmál, vatnsvernd, samgöngusáttmála, útivist og hringrásarhagkerfið.

Svæðisskipulagsstjóri starfar með Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og sér um framgang og úrvinnslu mála sem tengjast svæðisskipulagi.

Þá sinnir svæðisskipulagsstjóri fjölbreyttum verkefnum sem tengjast samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnsýsla og málsmeðferð skipulagsmála.
- Undirbúningur funda, áætlanagerð, verkaskipting, eftirlit, umsjón og framfylgd verkefna.
- Verkefnastýring og samskipti við ráðgjafa og verkefnastjóra.
- Umsjón með uppbyggingu og viðhaldi gagnagrunna.
- Gerð umsagna við lagafrumvörp og stefnumörkun ríkisins.
- Stýring og þátttaka í starfshópum fyrir hönd SSH svo sem á vettvangi sóknaráætlunar.

Menntun og hæfniskröfur

- Uppfylla hæfisskilyrði skipulagsfulltrúa skv. 1. eða 2. tölulið 5. mgr. 7. gr skipulagslaga nr. 123/2010.
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist við starfið, s.s. í byggingafræði, skipulagsfræðum, arkitektúr, landslagsarkitektúr eða verkfræði er kostur.
- Farsæl reynsla og þekking á skipulagsmálum.
- Farsæl reynsla og þekking á stýringu verkefna.
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði.
- Framúrskarandi tölvukunnátta.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvæðni og lausnamiðuð hugsun.
- Góð hæfni í rituðu og töluðu máli, bæði á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef alfred.is og á vef SSH undir laus störf. Umsækjendur sækja um starfið með því að senda kynningarbréf og ítarlega starfsferilsskrá í gegnum ráðningarvefinn alfred.is. **Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2024.** SSH leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.



Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Aðstoðar- skólameistari

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólameistara við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans. Nánari starfs lýsingu aðstoðarskólameistara má sjá á vef skólans: <https://www.fmos.is/is/skolinn/folkid/starfslysingar/adstodarskolameistari>

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, þarf umsækjandi um stjórnunarstarf í framhaldsskóla að hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Staða aðstoðarskólameistara er 100% stöðuhlutfall og ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2024. Laun greiðast samkvæmt stofnanasamningi skólans.

Leitað er að starfsmanni sem hefur frumkvæði, er leikinn í mannlegum samskiptum, sjálfstæður í vinnubrögðum og vinnur vel í teymi. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu eða reynslu af mannauðsmálum.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Valgarði Má Jakobssyni skólameistara í netfangið valgard@fmos.is í **síðasta lagi 24. maí 2024.**

Skólameistari

Breiðablik er í liði með Póstdreifingu

8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.



Fótbolti 4. flokkur eldri
Safna fyrir Gothia Cup í Gautaborg

8 skipti – 1 sinni í viku
Upphæð: 850.000 kr.

 **Póstdreifing**

**Skráðu
þinn hóp**



Sölu- og markaðsstjóri



Ferðapjónusta bænda hf. leitar að sölu- og árangursdrifnum leiðtoga til þess að styra sölu- og markaðsmálum fyrir vörumerki fyrirtækisins Hey Iceland og Bændaferða. Viðkomandi situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyrir undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum fyrirtækisins
- Mótun sóknar- og markaðsáætlana ásamt fjárhagsáætlunum þeim tengdum
- Greining tækifæra og þarfa á mörkuðum vörumerkja
- Gegna leiðandi hlutverki í vörupróun og nýsköpun
- Hugmyndavinna og mótun framtíðarsýnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði sölu- og markaðsmála ásamt víðtækri þekkingu á ferðapjónustu
- Leiðtogahæfni, lausnamiðun og sköpunargleði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Sölu- og árangursdrifinn
- Þekking á helstu greiningartólum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, í máli og riti

Sótt er um starfið á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **20. maí nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallveig Hafstað Haraldsdóttir, hallveig@hagvangur.is.

hagvangur.is



Forritari

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir forritara sem gæti sinnt fjölbreyttum þróunar- og hugbúnaðarverkefnum í landbúnaði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttaka í þróunarteymum RML sem sinna hugbúnaðargerð og upplýsingatækni
- Forritun og hugbúnaðargerð
- Prófanir
- Vinna við Oracle gagnagrunna
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í Excel og þróunarverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun kostur
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking og reynsla í eftirfarandi er æskileg
 - Python (Django og Flask)
 - Oracle (PL/SQL)
 - Javascript, jQuery o.fl.
- 3+ ára starfsreynsla æskileg

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á tölvunarfræði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að þróun á hvers kyns tæknilausnum fyrir landbúnað. Æskilegt að umsækjandi búi á Akureyri en er þó ekki skilyrði.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafar-fyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfstöðvar eru dreifðar um landið. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí.

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og verður öllum umsóknum svarað. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Þorberg P. Þorbergsson verkefnastjóri fjármála og tæknisviðs thorberg@rml.is.

Útfararstjóri

Útfararstofa Kirkjugarðanna óskar eftir að ráða starfsmann í útfararþjónustu.

Helstu verkefni

- Almenn þjónusta við ástvini vegna andláts
- Flutningur af dánarstað í líkhús
- Kistulagning hins látna
- Þjónusta við útfararathafnir
- Önnur verkefni tengd útfararþjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, samvirkusemi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hreint sakavottorð



Útfararstofan er sjálfstætt og framsækið þekkingarfyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hjá fyrirtækinu starfar öflugt teymi reynslumikils fagfólks.

Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á utfor.is



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með **21. maí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is.

hagvangur.is



Smáauglýsingar · sími 569 1100

Morgunblaðið

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



BÚUM BETUR



Smíðahópar í klæðningar

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. óskar eftir smíðahópum til að takast á við spennandi verkefni. Annað hvort í uppmælingu eða verktöku. Störfin eru í utanhússklæðningum.

Bygg hf. hefur mörg verkefni í farvatninu á stórhöfuðborgarsvæðinu og býður upp á framtíðarstörf hjá traustu fyrirtæki með mikla reynslu.

Við leggjum mikla áherslu á öryggi á vinnustað og búum yfir samheldnum starfsmannahópi sem starfar af fagmennsku og metnaði.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Utanhússklæðningar
- Almenn smíðastörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsmiði
- Handlagni og verkvit
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum

Við hvetjum alla óháð kyni til þess að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Hjá fyrirtækinu starfa um 160 manns og fjöldi undirverktaka. Hjá fyrirtækinu er virkt starfsmannafélag. Bygg er þekkt fyrir traust og örugg vinnubrögð, vandaðan frágang og efndir á umsömdum afhendingartíma.

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., var stofnað árið 1984 og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir fallega hönnuð hús og frágang lóða. Bygg hefur byggt um 4.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem og tugþúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði.



JAFNLAUNAVOTTUN
2021-2024



Yfirlæknir heilsugæslu á Ísafirði

Við leitum að drifandi einstaklingi til að sinna starfi yfirlæknis heilsugæslu á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Um er að ræða 100% ótímabundið starf á spennandi vettvangi sem er bæði ábyrgðamikil og krefjandi.

Yfirlæknir stýrir daglegum rekstri heilsugæslunnar á Ísafirði, þar sem aðalstarfsstöð er, og ber faglega ábyrgð á heilsugæsluþjónustu allrar stofnunarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfa um 270 manns sem veita almenna heilbrigðisþjónustu á heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Heilsugæslustöðvar eru á Ísafirði og Patreksfirði og heilsugæslusel í öllum byggðakjörnum heilbrigðisumdæmisins. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef stofnunarinnar (www.hvest.is).

Boðið er upp á góða aðlögun í upphafi starfs og aðstoð við öflun húsnæðis.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með daglegri starfsemi heilsugæslu á Ísafirði
- Fagleg ábyrgð á heilsugæsluþjónustu allrar stofnunarinnar
- Mannaforráð með læknum á heilsugæslu á Ísafirði, þ.m.t. verktökum

- Umsjón með námi læknanema, kandidate og sérnámslækna
- Almenn störf heimilislæknis ásamt vinnu á öðrum deildum stofnunar eftir samkomulagi
- Áætlanagerð, umbætur og þróun starfsemi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Framúrskarandi samskiptafærni og góð leiðtogaferni
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Drifkraftur og árangursmiðað viðhorf
- Reynsla og áhugi til samstarfs við aðrar starfsstéttir og þátttaka í teymisvinnu

Fríðindi í starfi

- Húsnæðisstyrkur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Nánari upplýsingar veitir Súsanna Björg Ástvaldsdóttir (susannaba@hvest.is | 450 4500)

Sækja má um starfið á heimasíðu hvest.is eða í gegnum starfatorg.is

FULLTRÚI HJÁ ADVEL LÖGMÖNNUM

ADVEL lögmenn óska eftir að ráða til starfa löglærðan fulltrúa til að sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir viðskiptavinum stofnunar.

Helstu verkefni:

- Almenn lögfræðiráðgjöf á starfssviðum stofnunar með áherslu á fjármuna-, féлага- og skattarétt.
- Samninga- og skjalagerð.
- Samskipti við viðskiptavinum.
- Málflutningur, eftir atvikum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lögfræði.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

ADVEL lögmenn hafa um árabíl sérhæft sig í lögfræðiráðgjöf til fyrirtækja og opinberra aðila og sinnir afar fjölbreyttum verkefnum. Hjá okkur starfar áhugasamt og sérhæft kunnáttufólk í krefjandi en hvetjandi starfsumhverfi. Við leggjum áherslu á að skapa áhugaverðan og sveigjanlegan vinnustað þar sem allir geti notið sín.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri, netfang vilborg@advel.is, sími 520-2050.

Umsóknir skulu berast á jobs.50skills.com/advel. Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2024. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.



ADVEL

Smáauglýsingar

569 1100

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR

Öll almenn járnsmíði - Sláttuorfl
Sláttutraktorar - Dælur -
Jarðvegsþjoppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði - Sláttuorfl
Keðjusagir - Hekklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum



SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661
Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverks@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Sumarhús



Sumarhús - Heilsárshús

Gestahús - Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús - margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla - endilega kynnið ykkur málið.
- Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Málarar

Málarar

Tökum að okkur öll almenn málingarverkefni við erum faghlæðir málar með mikla reynslu. Sangjarnir í verðum. Hafid samband í síma 782-4540 eða löggitilmalari@gmail.com

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bílar



Lítið ekinn fjórhjóladrifinn Hyundai Ioniq 5. 73 kWh batterí. Hiti í sætum og stýri. Bakkmyndavél og fjarlægðartengdur hraðastillir. Virkilega rúmgóður með góðu skottplássi. Nývirði í umboði er um 8.900.000 kr. Verð: 6.190.000,-
Upplýsingar í síma 8993948.



Lækkað verð!
Nýr 2023 Ford Transit Connect langur sjálfskiptur Edition Trend tyfa með stórum skjá og bakkmyndavél. Samlitir stuðarar. 3ja sæta. Nú eigum við bara þennan eina bíl eftir! Til afhendingar strax.
Verð núna: 4.990.000 án vsk.



www.sparibill.is
Hátúni 6 A - sími 577 3344.
Opíð kl. 10-18 virka daga.

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur



Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður upp á miðlæseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl. o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. Þórhallur Guðmundsson miðill. - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins

SRFR.

Sólarfilmur



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

RollUp & BannerUp



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sandblástursfilmur



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Inni og útiskilti



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

STAFREN Framköllun




SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sálmaskrár



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Teikningaprentun



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Skönnun og ljósritun



SÁMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Húsviðhald

Húsviðgerðir www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Byggingar

Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkum

Uppsátt á húsum og sókklum.

Pakendurbætur, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.

Stálgrindarhús, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.

Sumarhús, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.

Nánari upplýsingar, Bjösssi smíður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

Til sölu

Jón á röltinu

Nokkrir gamlar Jhonny Walker trékassar, stærð 46 x 32 x 23, 3þús. kr. stykkið. Einnig góður gítar í tösku, verð 15þús.

Uppl. í síma 898 9475



LiFePO4 rafgeymar til sölu:
12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk
Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube



Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð



Bankirai pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð
Cumaru panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm, 21x140mm
Penofin harðviðarollía 3,8 lítrar

Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf. opíð 10-14 virka daga
magnus@vidur.is
gsm: 660 0230 Magnús

mbl.is

alltaf alstaðar

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út tvisvar í viku. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef mbl.is og á finna.is. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!



Morgunblaðið fimmtudaga



Morgunblaðið laugardaga



mbl.is atvinna



finna.is atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með 2,2 milljón flettinga á dag og 15,4 milljón flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

Tilkynningar

Aðalfundur
Hallgrímssafnaðar

Sunnudaginn 26. maí 2024 er boðað til aðalsafnaðarfundar Hallgrímssafnaðar í Hallgrímskirkju að guðspjónustu lokinni.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Sóknarnefnd Hallgrímskirkju

Auglýsing um breytingu
á Aðalskipulagi
Kópavogs 2019-2040

Rammahluti aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Lýsing skipulagsverkefnis.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsing) vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi.

Skipulagssvæðið nær yfir þróunarsvæði PR-1, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt aðliggjandi svæðum. Svæðið afmarkast af strandlínu Kársness til norðurs og vesturs og af núverandi íbúðarbyggð við Þinghólsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut austurs og suðurs. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha.

Rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes snýr m.a. að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar einkum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými.

Í skipulagslýsingu er gerð grein fyrir þeim áherslum sem verða í komandi skipulagsvinnu, forsendum og fyrirbyggjandi stefnu sem skipulagið byggir á, umfangi umhverfismats og fyrirhuguðum kynningum og samráði við skipulagsgerðina.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru boðaðir til samráðsfundar um svæðið fimmtudaginn 23. maí 2024 milli kl. 16:30-18:30 í safnaðarheimili Kópavogskirkju að Hábraut 1.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér ofangreinda skipulagslýsingu.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](#), málsnr. 580/2024, eigi síðar en 19. júní 2024.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um skipulagslýsinguna er hægt að hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](#).

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Skipulagsfulltrúi Kópavogs.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](#)Auglýsing um skipulag
Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 8.5 sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ – Hraun vegna Smyrlahrauns, 41a í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Breyting á deiliskipulaginu felst í að á lóðinni sem áður var leikskólalóð er gert ráð fyrir búsetukjarna með 6-7 íbúðum ásamt sameiginlegri aðstöðu og þjónusturýmum að hámarki 600m².

Á kynningartíma frá 17.5 til 30.6 má nálgast tillöguna á [skipulagsgatt.is](#) og [hfj.is/skipulag](#)

Athugasemdum og/eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillögur í kynningu er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: [skipulag@hafnarfjordur.is](#) eða hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar í síma: 585-5500.

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](#)

Styrkir

MENNTUNARSJÓÐUR
Mæðrastyrksnefndar
Reykjavíkur

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem hyggja á nám á skólaárinu 2024-2025.

Umsókn verður afgreidd þegar öll umbeðin gögn hafa borist og staðfesting hefur fengist á skólavist.

Um er að ræða styrk til greiðslu skólagjalda (að ákveðnu hámarki), bókakaupa eða annars sem gerir umsækjanda kleift að stunda og ljúka námi.

Umsóknarfrestur rennur út 20. júní 2024.

Umsókn þarf að fylgja

- skattskýrsla síðasta árs
- staðfesting á námsvist

Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Menntunarsjóðsins [menntunarsjodurinn.is](#) og Facebook síðu Menntunarsjóðsins.

Auglýsing um tillögur að
breytingu á deiliskipulagi
í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Bústaðahverfi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. apríl 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. apríl 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Bústaðahverfis. Í breytingunni sem lögð er til felst að bætt er við texta í skilmálum í kaflanum 5.1.1. er snýr að svölum á rishæð húsanna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kvosin – Suðurgata 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. apríl 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. maí 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3 við Suðurgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á byggingarmagni og aukning á nýtingarhlutfalli lóðar, hækkun byggingar um eina rishæð auk leyfis fyrir garðskála á þaksvölum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](#). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 16. maí 2024 til og með 2. júlí 2024. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 2. júlí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](#).

Reykjavík 16. maí 2024
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

mbl.is

Færir þér fréttirnar




Reykjavík

Raðauglýsingar

Fundir/Mannfagnaðir

Kynningarfundur



Boðað er til kynningarfundar um þróunaráætlun Hrauns vestur og drög að tillögu að lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Fimmtudaginn **23. apríl** næstkomandi verður kynningarfundur um þróunaráætlun fyrir Hraun vestur sem er heildarsýn fyrir framtíðaruppbyggingu á svæðinu.

Í þróunaráætluninni eru sett fram leiðarljós og stýrilínur fyrir framtíðaruppbyggingu svæðisins alls og er hún mikilvægt verkfæri inn í frekari skipulagsvinnu þó hún sé ekki bindandi skipulagsáætlun. Uppbygging á svæðinu mun gerast í áföngum og taka tíma. Skipulagsrammi þróunaráætlunarinnar er því sveigjanlegur og tekur mið af aðstæðum á hverjum reit/svæði fyrir sig.

Framtíðarsýnin er í meginatriðum að svæðið fái að þróast og byggjast upp á grunni núverandi byggðar, forsendum þróunaráætlunarinnar og að frumkvæði einstakra lóðarhafa og hugmynda þeirra og þannig mun svæðið breytast með tímanum í fjölbreytta og góða byggð.

Samhliða hefur verið unnið að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og er þróunaráætlunin samofin þeirri vinnu. Í breytingu á Aðalskipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun á Hraun vestur svæðinu úr athafnasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðabyggð í miðsvæði. Þannig verður mögulegri framtíðaruppbyggingu á svæðinu breytt í blandaða byggð sem býður m.a. upp á fjölbreytta nýtingu svo sem búsetu og atvinnustarfsemi.

Tillaga að lýsingu og breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2015 verður auglýst síðar.

Fundurinn fer fram í Bæjarbíói kl 17:00 – 19:00 og eru allir sem eru áhugasamir um uppbyggingu og framtíð þessa svæðis hvattir til að koma.

Umhverfis- og skipulagssvið
Hafnarfjarðar

hafnarfjordur.is



Félagsstarf eldri borgara

Aflagrundi 40 Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Opin vinnustofa 9-12:00 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia 10:15 - Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Söngfuglarnir, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 – Bókaklúbbur kl. 13:15 - Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 - Húsið lokar kl. 15:45 – Nánari upplýsingar í síma 411 2701 - Verið öll velkomin.

Árskógar 4 Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguhópur kl. 10. Samvera með prest kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45.

Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

Boðinn Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.

Dalbraut 18-20 Handavinnusamvera kl.9.30, söngstund hjá Baldri kl.14.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 8:30-12:00 Morgunleikfimi á RUV kl. 9:45-10:00. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:30. Heimaleikfimi á RUV kl. 13:25-13:35. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30

Garðabær 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi 14.00 Spurt og svarað með Katrínu Jakobsdóttur

Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30-16:00 (heitt á könnunni) Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

Gullsmári Opin handverksstofa frá kl. 9:00-12:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Jóga kl. 17:00.

Hraunbær 105 Kaffiklúbbur og spjall, allir velkomnir í fritt kaffi kl. 9. Handavinna með leiðbeinanda kl. 9:00 – 12:00. Bænastund kl. 9:30 – 10:00. Stóla-leikfimi kl. 10:30 - 11:00. Hádegismatur kl. 11:30. Söngstund kl. 12:30 – 14:00. Prjónaklúbbur kl. 13:00. Létt ganga kl. 14:00.

Hraunsel Billjard: Kl. 8:00-16:00. Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

Korpúlfar Borgir Stóla-jóga með Gyðu Dis kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00. Spilið Canasta fyrir byrjendur kl. 12:30. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.

Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilínu 10:00. Memmm fjölskyldustund 13:00 – 15:00. Samprjón 13:00 – 14:30. Myndlist með Margréti 12:30 – 15:30. Bónusrútan 13:00. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, allir velkomnir.

Samfélagshúsið Vítorgi Opin handverksstofa kl. 9:00-12:00. Ókeypis líkamsþjálfun í Valsheimilínu, Vítamín í Val, kl. 10:00-11:00. Kvikmynd í setustofu kl. 12:45-14:30. Leysum sudoku og fleiri þrautir í matsal kl. 13:30. Prjónahópur í handverksstofu kl. 13:00-16:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

Seltjarnarnes Kaffikrókur á Skólalbraut kl. 9. Jóga/leikfimi í salnum kl. 11. Karlakaffi í safnaðarh. kl. 14.00. Salurinn á Skólalbraut kl. 18.00: Minnum alla skráða á samveruna í kvöld "Gaman saman" og fögnum sumarkomunni. Veitingar, skemmtun, kynning og happdrætti.

Á morgun föstudag fara allir út að ganga. Farið frá íþróttahúsinu kl. 10.30 og minnum einnig á skráninguna í ferðina nk. fimmtudag 23. maí.

Við leiðum fólk saman



hagvangur.is

HAGVANGUR



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta